

## Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: **Ríkisstjórnin**  
Sendandi: **Dóms- og kirkjumálaráðherra**  
Dagsetning: **26.06.2007**

Efni: Til upplýsinga um framkvæmd Schengen-samstarfsins og fundarstjórn í samsettu nefndinni.

Á fundi ráðherra ríkja Evrópusambandsins, Íslands, Noregs og Sviss, sem fara með dóms- og innanríkismál, í Lúxemborg 12. júní 2007 var staðfest samkomulag um framkvæmd Schengen-samstarfsins í samsettu nefndinni svonefndu, það er nefndinni, sem ræðir Schengen-málefni með þátttöku sendiherra annars vegar og ráðherra hins vegar.

#### Forsagan.

Samsetta nefndin kom til sögunnar í maí 1999 með samningi Íslands, Noregs og Evrópusambandsins til að tryggja aðkomu ríkjanna tveggja að þróun Schengen-gerða eftir að Schengen samstarfið var fært undir hatt Evrópusambandsins.

Í samningnum er gert ráð fyrir að samsetta nefndin fjalli um öll Schengen-málefni og þar eigi ríkin fulltrúa. Um fundi sendiherra og ráðherra eru sérákvæði, þar sem segir meðal annars:

Í 5. mgr. 3. gr:

Embætti forseta samsettu nefndarinnar skal skipa:

- á vettvangi sérfræðinga: fulltrúi Evrópusambandsins;
- á vettvangi háttsettra embættismanna og ráðherra: til skiptis, til sex mánaða í senn, fulltrúi Evrópusambandsins og fulltrúi ríkisstjórnar Íslands eða Noregs.

og í 2. og 3. mgr. 4. gr:

Á vettvangi ráðherra í samsettu nefndinni skulu fulltrúar Íslands og Noregs eiga þess kost:

- að útskýra vandamál sem fyrir þeim verða að því er varðar tiltekna gerð eða ráðstöfun eða taka afstöðu til vandamála sem aðrar sendinefndir standa frammi fyrir;
- að skýra frá sjónarmiðum sínum í sérhverju álitamáli er viðvíkur þróun eða framkvæmd ákvæða sem þá varða.

Samsetta nefndin á vettvangi háttsettra embættismanna skal undirbúa fundi nefndarinnar á vettvangi ráðherra.

#### Breytingar innan Evrópusambandsins.

Vegna stækkunar Evrópusambandsins hafa orðið breytingar á vinnulagi á ráðherrafundum þess og voru Schengen-málefni oft rædd tvisvar sinnum meðal ESB-ráðherra og síðan að nýju með þátttöku Schengen-

ríkja utan ESB, en Sviss hefur þar bæst í hóp með Íslandi og Noregi. Þá hafa fleiri mál orðið að sameiginlegu viðfangsefni ráðherraráðsins og Evrópuþingsins og nýjar reglur um opna fundi kalla á, að umræður um frumvörp til laga séu fyrir opnum tjöldum

Fundarstjórn í höndum Schengen-ríkja utan ESB hált árið, bæði á vettvangi sendiherra og ráðherra, við efnislegar umræður um öll Schengen-málefni féll ekki að þessum breytingum innan Evrópusambandsins og þótti þess gæta, að fundarefni í samsettu nefndinni yrðu minni að vöxtum og meira formlegs eðlis en efnislegs. Frá sjónarhóli ríkjanna þriggja utan ESB var þetta óheppileg þróun.

#### Samráð Íslands, Noregs og Sviss.

Á fundi dómsmálaráðherra Íslands, Noregs og Sviss í Brussel 4. desember 2006 var ákveðið að leita eftir samkomulagi við formennskuríki ESB, til að festa í sessi framkvæmd, sem tæki mið af framangreindri þróun og félli vel að óskum allra samstarfsaðila á Schengen-vettvangi. Voru ráðherrarnir sammála um, að mestu skipti að tryggja efnislega aðkomu ríkjanna þriggja á öllum stigum að allri umræðu um Schengen-málefni. Fundarstjórn hjá ríkjunum þremur skipti minna máli en efnisleg aðild að töku allra ákvarðana. Gagnlegt yrði þó að halda tilteknum formenskutímabilum, þannig að ljóst væri, hvert ríkjanna þriggja færi með fyrirvar gagnvart ESB á hverjum tíma vegna starfa samsettu nefndarinnar o.fl. Var sendiherrum ríkjanna í Brussel falið að leita samkomulags um þessa þætti við ESB.

#### Samkomulag við ESB.

Sendiherrar Íslands, Noregs og Sviss, í samráði við stjórnvöld í ríkjunum, gengu frá samkomulagi í formi bréfaskipta við þýska sendiherrann (formennsku ESB) sem samþykkt var af öllum aðildarríkjum ESB á vettvangi COREPER (sendiherrar ríkjanna í Brussel) og síðan á fundi ráðherranna í samsettu nefndinni 12. júní 2007.

Í bréfaskiptunum kemur fram, að markmið þeirra sé að bæta vinnulag samsettu nefndarinnar án breytinga á gildandi löggjöf og samningum og tryggja þátttöku ríkjanna þriggja í mótun Schengen-gerða. Þar segir m.a.:

- að ríkin þrjú taki þátt í öllum umræðum um Schengen-málefni í samsettu nefndinni fyrir töku ákvarðana á vettvangi ráðsins,
- að fundum í samsettu nefndinni verði á vettvangi sendiherra og ráðherra stjórnað af formennskuríki Evrópusambandsins.

Formlega fela Ísland, Noregur og Sviss hverju sinni formennskuríki ESB fundarstjórn í sinn stað í samsettu nefndinni. Á fundi ráðherra í samsettu nefndinni 12. júní 2007 reið svissneski ráðherrann á vaðið og tilkynnti, að hann hefði ákveðið að fela portúgalska ráðherranum fundarstjórn í samsettu nefndinni síðari hluta ársins 2007, en á því tímabili hefði Sviss átt að fara með fundarstjórn í fyrsta sinn.

Hin nýja skipan þykir þegar hafa gefið góða raun á vettvangi sendiherranna og á ráðherrafundinum í Lúxemborg 12. júní sl. var reyndin hin sama.